

GJALDSKRÁ

Kjósarveitna ehf.

1. gr.

Kjósarveitur ehf. selja afnot af heitu vatni úr hitaveitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar og þær hafa umráðarétt yfir eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð fyrir Kjósarveitur ehf.

2. gr.

Viðmiðunarhitastig Kjósarveitna er 70°C, miðað við stöðugt fullt rennsli, a.m.k. 4 rúmmetra á sólarhring.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni, 2% af smásöluverði. Heimilt er að miða innheimtu skattsins við áætlaða sölu.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, 11% af vatni til húshitunar og laugarvatns en 24% til annarra nota.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

Heitt vatn um rennslismæli:

	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
Fyrir hvern rúmmetra vatns	198,85	3,98	225,14	kr./m ³
Magnafsláttur, 6.000 m ³ /ári ¹⁾	159,08	3,18	180,11	kr./m ³
Magnafsláttur, 12.000 m ³ /ári ²⁾	139,20	2,78	157,60	kr./m ³

1) Notendur þar sem notkun er að lágmarki 6.000 rúmmetrar á ári geta sótt um að kaupa heitt vatn á 20% afslætti.

2) Notendur þar sem notkun er að lágmarki 12.000 rúmmetrar á ári geta sótt um að kaupa heitt vatn á 30% afslætti.

Afsláttarkjörin eiga við þar sem nægilegt vatn er til staðar og fullnægjandi flutningsgeta í veitukerfinu að mati Kjósarveitna ehf.

Fast gjald er háð afköstum rennslismælis, en óháð töxtum að öðru leyti. Því er skipt í fjóra flokka:

<i>Stærð mælis</i>	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
A: 15 mm	42,03	0,84	47,58	kr./dag
B: 20–25 mm	87,13	1,74	98,64	kr./dag
C: 32–50 mm	176,30	3,53	199,61	kr./dag
D: 65 mm og stærri	236,78	4,74	268,08	kr./dag

Heitt vatn um hemil:

	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
Grunnverð, 3 mínútulítrar ¹⁾	369,00	7,38	417,78	kr./dag
2 l/m, lágmark ²⁾	295,20	5,90	334,23	kr./dag
Hver lítri umfram 3 l/m ²⁾	73,80	1,48	83,56	kr./dag

1) Mínútulítri (l/m) tákna það rennsli sem gefur 1 lítra af vatni á mínútu.

Innifalið í grunnverði eru 3 mínútulítrar.

2) Sækja þarf um sérstaklega ef óskað er eftir minna eða meira magni en 3 mínútulítrum.

	<i>Kr.</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
Lágmarksgjald vegna ónotaðrar heimæðar, sbr. 3. mgr. 16. gr. reglugerðar fyrir Kjósarveitur, nr. 27/2017, með síðari breytingum	4.000	4.440	kr./mán

Fast gjald fyrir hemil er óháð töxtum.

	<i>Kr.</i>	<i>2% skattur</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
Hemill, fast gjald	29,73	0,59	33,65	kr./dag

3. gr.

Heimæðargjald Kjósarveitna ehf., er sem hér segir:

Virðisaukaskattur er 11% á heimæðargjöld. Ekki er hleypt á nema heimæðargjald sé að fullu greitt.

	<i>Kr.</i>	<i>Með 11% vsk</i>	<i>Grunnur</i>
Heimæðargjald með mæli	1.525.000	1.692.750	kr.
Heimæðargjald með hemli	960.000	1.065.000	kr.

Þar sem lengd heimæðar er 50 metrar eða minna, gildir ofangreind verðskrá. Kostnaður vegna lengri heimæða en 50 metra verður metinn í hverju tilviki fyrir sig.

Virðisaukaskattur er 11% á heimæðargjöld. Ekki er hleypt á nema heimæðargjald sé að fullu greitt.

4. gr.

Þjónustugjöld Kjósarveitna ehf., eru sem hér segir:

	<i>Kr.</i>	<i>Með 11% vsk</i>
Seðilgjald	250	278
Tilkynningar- og greiðslugjald	100	111
Aukaálestur	3.000	3.330
Innheimtuviðvörðun ¹⁾	854	
Lokunargjald	7.026	7.799
Uppsetning aukamælis	45.000	49.950
Útkall v/búnaðar notanda ²⁾	15.000	16.650
Gjald fyrir innheimtuaðgerð, þar sem nauðsynlegt er að grafa niður á heimæð	300.000	333.000

1) Innheimtuviðvörðun er send 5 dögum eftir eindaga.

2) Gjald fyrir útkall vegna tilkynningar notanda um bilun, sem reynist vera í búnaði húseiganda.

5. gr.

Öll gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda skv. 79. gr. laga nr. 58/1967, með síðari breytingum.

6. gr.

Kjósarveitur hafa rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með a.m.k. fimm daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun greiðir sá sem vanskilum veldur hverju sinni.

Eftirlitsmanni Kjósarveitna skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af stjórn Kjósarveitna ehf. og sett samkvæmt orku-
lögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 2021.
Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 642/2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. desember 2020.

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Kristján Skarphéðinsson.

Hreinn Hrafnkelsson.